

Sp.

810. Frumvarp til laga

[98. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr staflíður, svo hljóðandi:

- c. Skipstjórnarmönnum og vélamönnum ber að afla á 5 ára fresti læknisvottorða þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á skipstjórnarmönnum og vélstjórum, að veita undanþágu frá skilyrðum laga þessara til skipstjórnar- og vélstjórastarfa, enda sé áður leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarféлага eða sambanda þeirra.

3. gr.

Hestöfl þau, sem réttindi eru miðuð við samkvæmt lögum þessum, skal ávallt reikna sem framleiðsluhestöfl (I.H.K.), hvort sem um er að ræða eimvélar eða mótörvélar.

4. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætast ný ákvæði, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal nú þegar skipa nefnd til þess að endurskoða og samræma öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenskum skipum. Skulu stéttarfélag mótörvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Skal nefnd þessi hafa lokið endurskoðun og skilað álitum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. október 1949. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.